

2118. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 4. júní 2012 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Lúðvík S Georgsson, Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason og Þórarinn Gunnarsson, Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Engin

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Mótamál

- Íslandsmót 2012. Sex umferðum er nú lokið í Pepsi-deild karla og fimmtu umferð í Pepsi-deild kvenna lýkur í dag. Aðrar deildir sem og yngri flokkar ganga skv. áætlun að mestu en nokkuð er um breytingar á leikjaniðurröðun yngri flokka.
- Borgunarbikarinn 2012. Nafn bikarkeppni KSÍ næstu tvö ár verður Borgunarbikarinn en náðst hafa samningar á milli KSÍ, 365-Miðla og Borgunar þessa efnis. Dregið verður í 16 liða úrslit í Borgunarbikar karla og kvenna mánudaginn 11. júní nk.
- Aga – og úrskurðarmál. Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur staðfest úrskurð aga – og úrskurðarnefndar um þriggja leikja bann þjálfara 3. flokks karla hjá KF en KF áfrýjaði niðurstöðu nefndarinnar.
- Erlendir leikmenn – fjöldi í liðum. Framkvæmdastjóri greindi frá samantekt sem gerð hefur verið á fjölda erlendra leikmanna í Pepsi-deild karla og kvenna og 1. deild karla. Umtalsverð lækun varð á hlutfalli erlendra leikmanna í þessum deildum árið 2009 miðað við árin á undan en nú hefur hlutfallið hækkað verulega aftur á árunum 2011 og því sem af er árinu 2012.

3. Fundargerðir nefnda

Lagðar eru fram til kynningar eftirfarandi fundargerðir nefnda:

Dómaranefnd 15. maí

Hæfileikanefnd 24. maí

4. Dómaramál

Formaður dómaranefndar greindi frá frammistöðu dómara sem af er tímabilinu.

Dómaranefnd mun funda með deildadómurum 13. júní og fara yfir frammistöðuna og klippur af atvikum.

5. A landslið karla

Vináttuleikir:

- Frakkland – Ísland 27. maí. Leiknum lauk með 3-2 sigri Frakklands.
- Svíþjóð – Ísland 30. maí. Leiknum lauk með 3-2 sigri Svíþjóðar.
- Vináttulandsleikur. Samkomulag hefur verið gert um vináttuleik við Andorra þar í landi þann 14. nóvember nk.

6. A landslið kvenna

- Undankeppni EM 2013
Ísland – Ungverjaland á Laugardalsvelli 16. júní
Búlgaríja – Ísland 21. júní.

Hópurinn sem tekur þátt í þessum verkefnum verður kynntur á blaðamannafundi 7. júní nk.

7. U21 karla

- Undankeppni EM 2013:
Ísland – Azerbaídsjan á KR-velli 5. júní
Noregur – Ísland í Noregi 12. júní
Hópurinn sem tekur þátt í þessum verkefnum hefur verið valinn og kynntur fjölmiðlum.

8. Yngri landslið

- Norðurlandamót U17 kvenna í Noregi. Mótið hefst 9. júlí og leikur Ísland í riðli með Finnlandi, Svíþjóð og Frakklandi.

9. Knattspyrnuskólar

- Knattspyrnuskóli stúlkna verður haldinn á Laugarvatni 11. – 15. júní nk.
 - Knattspyrnuskóli drengja verður haldinn á Laugarvatni 18. – 22. júní nk.
 - Markvarðaskóli stúlkna verður haldinn á Akranesi 22. – 24. júní nk.
 - Markvarðaskóli drengja verður haldinn á Akranesi 29. júní – 1. júlí nk.
- Allt útlit er fyrir að þátttaka í öllum þessum verkefnum verði góð.

10.UEFA

- EM 2012. EM 2012 hefst 8. júní nk. í Úkraínu og Póllandi. Geir Þorsteinsson formaður KSÍ verður eftirlitsmaður UEFA á leikjum er fram fara í Varsjá.

11.FIFA

- Ársþing FIFA. Geir Þorsteinsson formaður KSÍ greindi frá helstu málefnum er tekin voru fyrir á ársþingi FIFA í maí. Guðrún Inga Sívertsen og Lúðvík Georgsson sóttu jafnframt þingið og Sveinbjörn Brandsson læknir sat lækna ráðstefnu FIFA í tengslum við þingið.

12.Önnur mál

- Útlendingastofnun. Erindi KSÍ til stofnunarinnar vegna erlendra leikmanna. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar ábendingar sem KSÍ sendi Útlendingastofnun vegna fyrirhugaðra breytinga á afgreiðslu dvalar – og atvinnuleyfa erlendra leikmanna.